

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Vestmannaeyjum

1.grein

Gjaldskrá þessi er unnin og sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

2.grein

Sérstök söfnun við heimili er flokkun með 4 tunnum sem grunnregla en möguleiki á tvískiptri tunnu samkvæmt neðangreindu:

Sorpgjöld á heimili - breytilegt gjald	Árgjald
240L Blandaður og lífrænn úrgangur, tvískipt	23.288 kr
120L Blandaður úrgangur	21.218 kr
240L Blandaður úrgangur	30.533 kr
330L Blandaður úrgangur	42.435 kr
660L Blandaður úrgangur	84.042 kr
120L Lífrænn úrgangur	11.592 kr
240L Lífrænn úrgangur	23.132 kr
330L Lífrænn úrgangur	31.878 kr
660L Lífrænn úrgangur	63.653 kr
120L Pappi eða plast	10.764 kr
240L Pappi eða plast	15.422 kr
330L Pappi eða plast	21.218 kr
660L Pappi eða plast	42.435 kr
Önnur gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs	
Skrefagjald, meira en 15 metra frá söfnunarbíl (frá 1.4.2025)	50% álag pr. tunnu
Breytingakostnaður við ílát	4.140 kr.
Tunnugjald – nýtt ílát	Skv. gjaldskrá rekstraraðila
Tunnugjald – notað ílát	50% af verði nýrrar
Aukahirðing v. óviðunandi flokkunar eða frágangs.	6.728 kr.

Öll verð eru með VSK

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða. Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnunar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst. Umsókn um nýjar tunnur þarf að fara í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

3.grein

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málafloknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á

víðavangi, rekstur grenndarstöðva og móttökustöðvar úrgangs sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang. Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3.gr laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.


Sameiginlegur kostnaður á fasteignir	Gjald
Fasteign í a-lið	18.700 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 15-250 m ²	22.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 251-500 m ²	46.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 501-1.000 m ²	70.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð 1.001-2500 m ²	105.000 kr.
Fasteign í b- og c-lið matshlutar að stærð >2.501 m ²	130.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði.

4.grein

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp eða í síma 4882530. Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 22. janúar 2025, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 331/2024 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 22. janúar 2025



Brynjar Ólafsson,
framkvæmdastjóri